



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 22. desember 2020

R20110353

620-0

Umhverfis- og heilbrigðisráð

**Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kolefnisspor upplýsingabæklings
Reykjavíkurborgar, Uppbygging: íbúða í borginni og Græna planið: október 2020**

Á fundi Umhverfis- og heilbrigðisráðs þann 25. nóvember 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins (US200397):

Óskað er eftir upplýsingum um kolefnisspor upplýsingabæklings Reykjavíkurborgar,

Uppbygging: íbúða í borginni og Græna planið: október 2020.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 26. nóvember sl.

Svar við fyrirspurn:

Ekki eru til gögn til þess að svara þessari fyrirspurn. Hvorki dreifingaraðili bæklingsins né prentsmiðja halda sérstakt kolefnisbókhald.

Haft var samband við verkfræðistofuna Verkís sem hefur unnið nokkur verkefni á sviði kolefnisbókhalds og óskað eftir upplýsingum um mögulegan kostnað við að greina kolefnisfótspor bæklingsins.

Samkvæmt svari Verkís þá þarf að meta kolefnisfótspor hvers verkþáttar fyrir sig og svo meta hlut bæklingsins í heildarstarfsemi þeirra eininga sem standa á bak við verkþættina.

Slík rannsóknarvinna getur tekið mörg hundruð klukkustundir og kostnaður legið á bilinu 500.000 - 5.000.000 kr. Kostnaður við að vinna úr niðurstöðunum og útbúa skýrslu í kjölfarið liggur nálægt 2,2 - 2,5 milljónum.

Ef Umhverfis- og heilbrigðisráð óskar enn eftir því að fá nákvæmar upplýsingar um kolefnisfótspor bæklingsins er ljóst að fara þarf í formlegt innkaupafæri um gerð slíkrar úttektar ef ákveðið er að ráðast í hana auk þess sem ráðið þarf að tilgreina hvaða starfsstöð á að bera kostnaðinn af þeirri úttekt.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari